



5. nóvember 2025, Reykjavík

Efni: Svarbréf við erindi DMR25060084

Í bréfi dómsmálaráðuneytisins dagsett 31.október 2025 málsnr. DMR25060084 til embættis ríkislögreglustjóra er óskað eftir eftirfarandi upplýsingum:

1. Fyrirliggjandi gögnum og skýringum frá embættinu um kaup á ráðgjöf og þjónustu frá *Intra ráðgjöf slf.*, á tímabilinu 2020-2025 sem og hvaða ráðgjöf eða verkefni það voru sem fyrirtækið innti af hendi og um heildarkostnað embættisins vegna þessara viðskipta.
2. Upplýsingum um umfang kaupa á ráðgjöf og þjónustu utanaðkomandi sérfræðinga eða ráðgjafa og greiðslna til verktaka af hálfu embættis ríkislögreglustjóra á tímabilinu 2020-2025. Jafnframt óskaði ráðuneytið eftir upplýsingum um það hvort embættið hafi á sama tímabili innt af hendi greiðslur sem eru umfram viðmiðunarmörk vegna útboða og þá hvort útboðs hafi verið leitað. Óskað er eftir að framangreind gögn og upplýsingar verði sundurliðuð eftir fjárhæð og verkefnum. Þá var þess sérstaklega óskað að tilgreint verði hvort skriflegur samningur liggja til grundvallar framangreindri vinnu. Aðgreina mætti kostnað vegna jarðhræringa á Reykjanesi.

Óskað var eftir að erindinu yrði svarað ekki seinna en 5. nóvember 2025.

Við vinnslu erindis voru tekin út gögn úr bókhaldi embættisins, þ.e. allt sem skráð var á viðfangið “aðkeypt þjónusta” að frádregnum hugbúnaðarkaupum. Með fyrirvara um umfangsmikil gögn og takmarkaða greinigetu bókhaldskerfisins voru öll innkaupin yfirfarin innan tímafrests og flokkuð með eftirfarandi hætti:

Verkefni	Upphæð
Snjalllandamæri	1,7 milljarðar króna
Almannavarnir	7,02 milljarðar króna
Tölvukerfi	1,3 milljarðar króna
Annað	2,6 milljarðar króna
Samtals	12,62 milljarðar króna

Með þessu bréfi fylgir nánari samantekt á annars vegar viðskiptum embættisins við félagið *Intra ráðgjöf slf.* og hins vegar umfangi kaupa á ráðgjöf og þjónustu utanaðkomandi sérfræðinga eða ráðgjafa og greiðslna til verktaka.

Embætti ríkislögreglustjóra tekur mjög alvarlega þá annmarka sem hafa komið fram um kaup stofnunarinnar á ráðgjöf og þjónustu utanaðkomandi sérfræðinga eða ráðgjafa og greiðslna til verktaka. Við höfum unnið að ítarlegum verklagsreglum um innkaup og



samningagerð sem ætlað er að tryggja fullt gagnsæi og samræmi við lög um opinber innkaup. Drög að þessum reglum fylgja hér með til upplýsingar.

Auk þess hefur verið settur á fót starfshópur innan embættisins með fulltrúa innkaupastjóra, fjármálastjóra og yfirlögfræðings til að fullvinna og innleiða framangreindar verklagsreglur fyrir 30. nóvember nk.

Embættið hefur vakið athygli á viðvarandi álagi vegna umfangsmikilla verkefna en slíkt álag réttlætir ekki þau mistök eða annamarka sem hafa orðið. Embættið tekur fulla ábyrgð á þeim og er staðráðið í að tryggja að slíkt endurtaki sig ekki.

Virðingarfyllst,

Sigríður Björk Guðjónsdóttir

Ríkislögreglustjóri (Undirritar rafrænt)

Meðfylgjandi

1. Samantekt á viðskiptum embættisins við félagið Intra ráðgjöf slf.
2. Samantekt á umfangi kaupa á ráðgjöf og þjónustu utanaðkomandi sérfræðinga eða ráðgjafa og greiðslna til verktaka.
3. Listi yfir þau verkefni, námskeið og þjálfun sem Intra ráðgjöf slf. hefur sinnt fyrir lögreglu.
4. Reikningar og tímaskýrslur Intra ráðgjöf slf.
5. Drög að verklagi um innkaup ríkislögreglustjóra
6. Drög að verklagi um samningagerð ríkislögreglustjóra
7. Sniðmát fyrir þrista